



## 376. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn í færeyska herberginu í Alþingishúsinu þann 23. mars 2011. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Vigdís Hauksdóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Þráinn Bertelsson, Árni Johnsen og Oddný Harðardóttir, og auk þeirra Ólafur Örn Haraldsson, Einar Á. E. Sæmundsen og Hrefna V. Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

### 1. Framkvæmdaáætlun sumarsins.

Þjóðgarðsvörður skýrði frá fyrirhuguðum framkvæmdum.

- Fjárheld girðing verður reist fyrir ofan sumarhús í Kárastaðalandi og niður að vatninu vestanverðu í sumar.
- Gjaldtökuhliðin á Haki verða sett upp á næstu dögum.
- Umferðarmál. Þjóðgarðsvörður vinnur að mótvægisáðgerðum í samvinnu við Vegagerðina, sjá lið 2.
- Öryggismál. Þjóðgarðsvörður er í sambandi við Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra varðandi aðbúnað við Silfru. Úttekt mun fara fram á næstu vikum og viðeigandi öryggisbúnaði komið upp.

Útsýnispallurinn á Haki. Búið er að fá tilboð frá málmsemiðju í öryggisslá sem fyrirhugað er að setja á útsýnispallinn á barmi Almannagjár. Vandasamt verk til að spilla ekki ásýnd staðarins.

Þjóðgarðsvörður vinnur að því að fá aðila til að taka út aðgengi fyrir ferðamenn og útbúa hættumat.

- Hollustuháttakönnun er í farvegi, unnið verður að upplýsingaöflun um frárennismál og vatnsöflun á sumarhúsasvæðinu í þjóðgarðinum í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.
- Hugmyndaleit Alta fer í loftið í apríl og verður út maímánuð. Í kjölfarið er síðan fyrirhugað að tilkynna hvaða tillögur hafi unnið ásamt verðalaunaafhendingu. Eftir er að finna aðila í dómnefnd fyrir hugmyndasamkeppnina ásamt því að ákveða fjölda dómara, en nefndarmenn munu vinna að því milli funda.
- Bílastæði á Haki. Þjóðgarðsvörður hefur undirbúið hugmyndir að stækkun og breytingu á skipulagi á bílastæðum á Haki.
- Unnið er að endurbótum á heimasíða þjóðgarðsins.
- Minniháttar framkvæmdir, stígagerð, flotun á snyrtihúsagólfi o.fl.

- Unnið er að stækkun verslunar í fræðslumiðstöðinni. Vöruúrval verður aukið til muna, sem væntanlega mun leiða til aukningar á sértekjum.

## 2. Umferðarmál og hraðastýring í Þjóðgarðinum.

Umferð hefur stóraukist í gegnum Þjóðgarðinn eftir opnun Lyngdalsheiðarvegur. Þjóðgarðsvörður vinnur að mótvægisaðgerðum í samvinnu við Vegagerðina til að takmarka hraða innan garðsins. Hugmyndir eru um að setja upp torg og breyta aðkomu inn í Þjóðgarðinn, en eftir er að taka allar ákvarðanir í þessu máli.

## 3. Þingstaðaverkefnið

Einar Á. E. Sæmundsen skýrði frá verkefninu sem hófst þegar sveitarfélög í Noregi og fulltrúar fylkisins Sogn og Fjordane hittu fulltrúa Þingvallanefndar á árunum 2006 og 2007 til að viðra hugmyndir um samstarf fornra þingstaða. Árið 2008 var síðan ráðstefna haldin í Eivindvik í Gulen undir yfirskriftinni „Thing Sites Network in Northern Europe“. Markmið ráðstefnunnar var að skoða mögulegt samstarf milli fornra þingstaða í norðanverðri Evrópu og finna leiðir til að fjármagna slík verkefni.

Í mars 2009 ákvað Þingvallanefnd að sækja um í NPP, Northern Periphery Programme. Aðilar í þessu samstarfsverkefni eru: Fylkið Sogn og Fjordane í Noregi, Þingvalla-Þjóðgarður, Orkney College, The Highland Council Scotland, Kunningarstovan Faroe Island, Gulatinget og Shetland Amenity.

Verkefnið er til þriggja ára, 2009-2012, og er nú rúmlega hálfnað. Ráðstefnur eru haldnar á hálfis árs fresti þar sem samstarfsaðilar hittast en einnig eru reglulega haldnir símafundir hjá vinnuhópum verkefnisins. Næsta ráðstefna verður í Eivindvik í Noregi í byrjun aprílmánaðar.

Væntanlegar niðurstöður úr verkefninu verða margþættar. Fræðsla um forna þingstaði og miðlun verður bætt, hægt verður að nálgast efni um sögu allra þingstaðanna á einum stað, heimasíður með efni fyrir mismunandi markhópa, miðlun upplýsinga með félagsmiðlun, útgáfa fyrir ferðaþjónustur og mat á stöðum vegna heimsminjaskrár.

Framlag þjóðgarðsins til verkefnisins er að mestu vinnuframlag, en 50% af öllum útlögðum kostnaði fæst endurgreiddur. Bygðastofnun heldur utan um verkefnið.

## 4. Heimsminjaskrá UNESCO – Raðtilnefning víkingaminja

Lagt var fram minnisblað frá Ragnheiði H. Þórarinsdóttur, sérfræðingi hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu dags. 23.3.2011 um tilnefningar minja frá víkingatíma og Þingvelli.

Í minnisblaðinu er kynnt tillaga um að afmarka nánar það svæði á Þingvöllum sem tilnefnt verður innan ramma raðtilnefningar á minjum frá víkingatíma. Hugmyndin er sú að tilnefna ekki heimsminjastaðinn sem slíkan heldur einungis þann hluta sem tengist minjum frá víkingatímanum beint. Finna þarf nákvæm mörk hins tilnefnda svæðis og setja þau á kortagrunn. Með þessari breytingu ávinnst að hið tilnefnda svæði hefur beina tengingu við efni raðtilnefningar og svæðið yrði innan verndarsvæðis þjóðgarðsins. Staða Þingvalla sem menningarlandslags á heimsminjaskrá myndi ekki blandast inn í þetta verkefni, nema í því samhengi að vera umgjörð (buffer-zone) fyrir minjarnar sem verið er að tilnefna.

Þjóðgarðsverði falið að vinna tillögur að afmörkun í samvinnu við fræðslustjóra og heimsmínjanefnd.

## 5. Önnur mál

**Lóðarleigusamningar:** Búið er að senda undirritaða lóðarleigusamninga til lóðarleiguhafa. Fyrirspurninir sem hafa borist varða aðallega hækkun á lóðarleigu.

**Bókin Thingvallavatn.** Formaður skýrði frá þátttöku þjóðgarðsins í samkomu í Salnum 10. mars s.l. til heiðurs Pétri M. Jónassyni níræðum og í tilefni af endurskoðaðri útgáfu bókar hans um Þingvallavatn á ensku. Formaður Þingvallanefndar flutti ávarp á samkomunni en þar flutti m.a. erindi Bror Johnsen, vatnalíffræðingur sem hingað kom í boði Þingvallanefndar. Þá var Pétri M. Jónassyni og Páli Hersteinssyni meðritstjóra að bókinni ásamt mökum boðið til Þingvalla með þjóðgarðsverði og formanni Þingvallanefndar.

**Hugmyndasamkeppnin.** Þjóðgarðsverði falið að semja við kynningarfyrirteki um undirbúning að kynningu á hugmyndasamkeppninni.

**Tryggingabætur.** Lögfræðingur Þingvallanefndar vinnur með lögfræðingum forsætisráðuneytis að kröfugerð vegna bruna Valhallar.

Björgvin G. Sigurðsson fór af fundi 12.45.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.05.